

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 1. desember 2017.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl. 17.05 og lauk kl. 18.40.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Magnús Gunnarsson, Þórunn Ansnes, Hörður Þorsteinsson, Viðar Halldórsson og Ingvar Kristinsson. Forföll: Jóhann Óskar Borgþórsson, Sveinn Sigurbergsson og Ragnar Hilmarsson.

Dagskrá:

1. Drög að samstarfssamningi Hafnarfjarðarbæjar og ÍBH

Lögð fram til kynningar drög frá 14. nóv. sl. og athugasemdir frá VH frá 30. nóv. sl. Ákveðið að framkvæmdastjóri ÍBH og íþróttafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar vinni áfram með þær athugasemdir sem voru gerðar við drögin.

2. Þjónustusamningur ÍBH

Lögð fram til kynningar drög frá 30. nóv. sl. Hafnarfjarðarbær lagði fram þrjár breytingar við samninginn frá síðustu drögum. Í fyrsta lagi að einfalda texta við gerð framkvæmdaáætlunar við gæðaviðmið, í öðru lagi að íþróttafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar samþykkti tímaúthlutun ÍBH og í þriðja lagi að ekki stæði Rio Tinto í sambandi við vinnu styrktarsamnings fyrir yngri en 18 ára iðkendur. Fundarmenn sammála fyrsta og öðrum lið, en ekki þriðja lið.

3. Aðildarumsókn íþróttabandalaga að UMFÍ

Framkvæmdastjóri ÍBH fundaði með framkvæmdastjóra ÍBR 17. nóvember 2017. ÍBR upplýsti ÍBH um fund sem ÍBR átti með UMFÍ. UMFÍ upplýsti ÍBR um lögfræðiálit varðandi aðildarumsóknir íþróttabandalaga að UMFÍ, sem var samþykkt á þingi UMFÍ í október 2017, en lagabreytingar sem m.a. snérust um aðildarumsóknina voru ekki samþykktar. Niðurstaða lögfræðiálita er sú að íþróttabandalögin verða að endurnýja aðildarumsóknir sínar fyrir næsta þing UMFÍ haustið 2019 ef þau stefna ennþá að inngöngu í samtökin.

4. Afreksmannasjóður ÍBH 2017 og 2018

Farið yfir úthlutanir frá 2015 til 6. nóvember 2017. Fyrir 6. nóvember 2017 var búið að úthluta samtals kr. 16.445.000 úr sjóðnum. Til þess að klára úthlutanir fyrir árið 2017 vantar u.þ.b. kr. 2.500.000. Tekjur sjóðsins 2017 voru kr. 12.000.000.

Varasjóður sjóðsins er búinn að greiða kr. 4.445.000 það sem af er ársins 2017.

Hafnarfjarðarbær er búinn að samþykkja viðbótarframlag í sjóðinn 2017 að upphæð kr. 2.125.000. Framlag Hafnarfjarðarbæjar til sjóðsins 2018 verður kr. 10.500.000.

Þing ÍBH í maí 2017 samþykkti að framlag ÍBH 2018 í sjóðinn yrði kr. 1.500.000. Í

ljósi aðstæðna og mikillar þátttöku íþróttamanna úr hafnfirskum íþróttafélögum í verkefnum erlendis samþykkir stjórn ÍBH viðbótarframlag frá ÍBH að upphæð kr.

4.500.000 í Afreksmannasjóð ÍBH fyrir árið 2017 og skal það greiðast strax inn á

Afreksmannasjóð ÍBH. ÍBH og Hafnarfjarðarbær endurskoða reglugerðina fyrir

Afreksmannasjóð ÍBH fyrir árið 2018.

5. Kynningarmál íþróttta í Hafnarfirði

Fulltrúaráðsfundur ÍBH haldinn 25. nóvember sl. var með fyrirlestur, hópavinnu og umræður um niðurstöður hópavinnunnar.

Hvetja verður alla til að nota alla miðla meira, en gæta verður að persónuvernd við notkun þeirra.

Stefnt er að því að halda kynningar, sýningar og viðburði í vor, velja þrjá til fjóra daga í kringum Bjarta daga í Hafnarfirði. Þar er markmiðið að hvetja sem flestar íþróttagreinir sem stundaðar eru í Hafnarfirði til að vekja athygli á starfinu og laða fleiri að því.

6. Heimasíða ÍBH

Kerfishrun hjá 1984.is 15. nóvember 2017.

Heimasíða ÍBH sett í loftið fimmtudaginn 23. nóvember 2017, en um var að ræða gamalt afrit af heimasíðunni frá 14. júní 2017.

Framkvæmdastjóri ÍBH talaði við fyrirtækið föstudaginn 24. nóvember sl. og óskaði eftir nýrra afriti af heimasíðu ÍBH í loftið, því fyrirtækið tekur afrit af heimasíðunum eftir hvern sólarhring.

Fyrirtækið getur ekki afgreitt beiðni ÍBH fyrr en eftir miðja næstu viku vegna álags.

7. Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ var haldinn 17. nóvember sl. Efni af fundinum lagt fram til kynningar.

8. Val á ÍSÍ bikar

Farið yfir umsóknir og næsti handhafi valinn. ÍSÍ bikarinn verður afhendur á Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 27. desember nk.

9. Önnur mál

Engin.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.